

1 ÁBYRGÐ

- Gæðastjóri í samvinnu við gæðaráð ber ábyrgð á og hefur frumkvæðið í vinnunni með rýni stjórnenda.
- Skólameistari ber ábyrgð á að unnið sé að stöðugum umbótum á allri starfsemi skólans og að unnið sé eftir þessu ferli og þeim ferlum sem vísað er í.

2 FRAMKVÆMD

2.1 FORSENDUR

Rýni stjórnenda er sérstakur gæðaráðsfundur sem er boðaður eftir hverja önn eins og fram kemur í VKL-101 Stjórnun gæðamála.

2.2 SKÝRSLA

Til að undirbúa rýni stjórnenda tekur gæðastjóri og áfangastjóri, eins og við á, saman samantekt um:

- frábrigði, ábendingar/kvartanir og úrbætur (eins og sýnt er í flæðiritinu í VKL- 404)
- innri úttektir og úrbætur sem þeim fylgja
- gæðaskýrslur t.d. kennslukannanir, starfsmannakannanir, þjónustukannanir, áfangaskýrslur og framvindumat
- yfirlit um ytri þætti sem hafa áhrif á starfsemina m.a. þá sem eru taldir upp í VKL-101 Stjórnun gæðamála kafla 5.2
- viðfangsefni fyrri rýni

2.3 FUNDARBOÐUN

Gæðastjóri boðar til gæðaráðsfundar um rýni stjórnenda í umboði skólameistara og setur ofanefnda skýrslu á dagskrá.

2.4 ÁKVÖRÐUN AÐGERÐA

Gæðaráð fer yfir skýrsluna og fylgir sömu vinnureglum sem gilda fyrir venjulegan gæðaráðsfund. Á fundinum er einnig farið yfir gæðastefnu og markmið og metin þörf á auðlindum og umbótum. Nauðsynlegar aðgerðir og verkefni eru ákvarðaðar og settar á GÁT-069 Verkefnalista stjórnenda, samkvæmt verklagi gæðaráðs.

2.5 FUNDARGERÐ

Á rýnisfundi er fundargerð haldin á þar til gerðu eyðublaði GÁT-001 Rýni stjórnenda (niðurstöður).

2.6 VERKEFNI

Gæðaráð fylgir verkefnum á verkefnalista stjórnenda eftir, en sér sérstaklega til þess að gæðatengdar aðgerðir úr lið 2.4 fari í réttan farveg.

2.7 EFTIRVINNA

Gæðastjóri gengur frá niðurstöðum rýni stjórnenda í Gæðahandbók í skjalakerfi skólans skv málalykli. Auk þess sem skýrslan er birt á heimasíðu skólans undir skólinn – innra og ytra mat – rýni stjórnenda.

3 TILVÍSANIR Í SKJÖL

VKL-101 Stjórnun gæðamála
VKL- 404 Ábendingar, kvartanir og umbætur
GÁT-001 Rýni stjórnenda (niðurstöður)
GÁT-037 Verkefnalisti stjórnenda

4 VIÐEIGANDI SKRÁR

Eftirfarandi skrár eru geymdar í skjalakerfi skólans skv málalykli:
ábendingar, kvartanir, umbætur og óhöpp
Skýrsla um Rýni stjórnenda
Verkefnalisti stjórnenda